

Patreksfjörður 2.4.2018

Sendandi: Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátæigenda í Barðastrandasýslu

Varðar umsögn um:

429. mál, lagafrumvarp

148. löggjafarþing 2017–2018

Þingjaskjal 611 frumvarp flutt af atvinnuveganefnd.

Strandveiðifélagið Krókur styður frumvarpið, en vill áréttta að eftirtalðar breytingar þyrfti á því að gera til að almenn sátt og fylgi náist við frumvarpið, og að raunverulega náist fram þær umbætur er snúa að öryggisþætti, nýliðunarmöguleikum og löndun ufsa sem meðafla:

- Að tryggja nægjanlegar aflaheimildir til strandveiðikerfisins svo ekki komi til stöðvunar veiða fyrr en eftir a.m.k. 48 veiðidaga (12 daga í mánuði; maí – ágúst).
- Að afnema viku- og rauðra- dagatakmarkanir með öllu, þar sem 4 dagar í viku eru nægar takmarkanir og skilar raunverulegum möguleika til að “róa eftir veðri” og dreifir sókn betur þar sem sum fyrirtæki geta tekið við fiski á sunnudögum og eða mánudagsmorgnum. Þetta fyrirkomulag mundi auka möguleika strandveiðisjómannna til að sækja betri mið og þá verðmeiri fisk frekar en að aukist nýting daganna í heildarafla.
- Að ufsinn þurfi ekki að landast sem VS afla og að hann teljist ekki til hámarksafla. Ef árangur á að nást þegar hægt er að sækja einhvern ufsa um leið og sótt er í þorsk, þarf sú vinna að skila einhverjum hagnaði, en löndun ufsans sem VS skilar engu eftir gjöld og kostnað.

F.h. strandveiðifélagsins Króks

Einar Helgason, formaður